

Norðfirðingur

2. tölublað 2000

25.árgangur

Síldarball

**Hið árlega síldarball
Norðfirðingafélagsins verður haldið í
fimmta sinn laugardaginn 28. október í
GULLÖLDINNI, VERSLUNAR-
MIÐSTÖÐINNI GRAFARVOGI.
Hljómsveitin SVENSEN OG HALFUNKEL
sér um fjörið.**

**Eins og fyrr verður boðið upp á
norðfirskar veitingar - síld að austan
og rúgbrauð – og kaldan snafs. Stór
bjór á tilboði 350 kr.
Aðgangseyrir 1000 kr.**

Viðtakandi

Sólarkaffi og aðalfundur

Ágætu norðfirðingar !

Sólarkaffi og aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 23. janúar s.l. Að venju var samkoman haldin í safnaðarheimili Bústaðakirkju. Sólarkaffið var vel sótt að venju og er sérstaklega vinsælt hjá eldri norðfirðingum. Á undan Sólarkaffinu var haldinn stuttur aðlafundur í Norðfirðingafélaginu. Lára Jóna fráfarandi formaður sagði stuttlega frá starfsemi félagsins á árinu 1999 og Ólöf gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins og voru þeir samþykktir.

Ný stjórn

Ný stjórn félagsins var kjörin á fundinum. Í henni sitja: Júlíus Brynjarsson formaður, Ólöf Guðmundsdóttir gjaldkeri, Fanney Jóhannsdóttir, Hermann Ottósson, Stefán Herbertsson, Sigurður Friðjónsson og Steinþór Þórðarson. Fráfarandi stjórnarmönnum þeim Láru Jónu Þorsteinsdóttur, Ólafi Óskarssyni og Hermann Sveinbjörnssyni eru þökkun mikil og góð störf í þágu félagsins.

Innrás á Brodway

Í miðju janúarmyrkri lýsti heldur betur upp hjá norðfirðingum á höfuðborgarsvæðinu. Fríður flokkur norðfirskra listamanna undir styrki stjórn Ágústar Ármanns Þorlákssonar stóð fyrir frábærri skemmtidagskrá á Brodway, stórskemmtilegri sýningu sem lengi verður í minnum höfð. Þar tróðu upp norðfirskar Sínörtur, Prestleyar og Tom Jonesar og fóru á kostum. Bíða norðfirðingar í „menningarleysinu“ í Reykjavík óþreyjufullir eftir næstu sýningu !

Sameiginleg árshátíð ?

Fulltrúi Eskfirðingafélagsins hefur haft samband við formann Norðfirðingafélagsins og viðrað hugmyndir um sameiginlega árshátíð félaganna. Stjórnin hefur þessar hugmyndir í athugun og ekki væri verra að heyra afstöðu félagsmanna til þessa.

Norðfirðingur á Netið

Fljótlega mun hefjast vinna við að koma upp vefsíðu Norðfirðingafélagsins. Er það von stjórnarinnar að þar skapist vettvangur fyrir fréttir, tilkynningar og fleira fyrir félagsmenn. Einkum er hér horft til þess að ná betur til yngra fólksins. Reiknað er með að vefsíðan verði tilbúin fyrir jóla.

**„Félagið er fólkið“
Munið félagsgjöldin**

Útgefandi: Norðfirðingafélagið 740 Neskaupstað
Formaður: Júlíus Brynjarsson (587 6208)
Ritsjóri: Hermann Ottósson (564 2436)